

Starfsskýrsla bókasafns Borgarholtsskóla Skólaárið 2016-2017

Starfsfólk: Ása Þorkeldsdóttir safnstýra og Steinunn Þórdís Árnadóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur, báðar í fullu starfi.

Notendur: 1260 nemendur voru við nám við skólann á haustönn og 1116 nemendur á vorönn. Starfsmenn á vorönn voru 138.

Húsnæði: Safnrými, lesstofa, skrifstofa og geymsla eru um 383 m². 72 sæti eru fyrir safngesti.

Opunartími: Mánud. - fimmtud. kl. 8.00-16:30, föstud. kl. 8.00-15:30. Opið var í 41,5 klst. á viku.

Aðföng: Áskrift er að 20 tímaritum, fréttabréfum og ársritum.

Skráð aðföng veturinn 2016-2017	Aðföng	Fyrri skólaár	Eign í maí
bækur	281	(262)	9028
kort	0	(0)	54
spil	0	(0)	29
geislaflötur (CD)	0	(0)	251
myndbönd	0	(0)	147
mynddiskar (DVD)	14	(23)	705
Eintök alls:	295	(306)	10.214

Uppruni gagna		Afskriftir	
keypt	284	glatað/vanskil	8
aðsent/ókeypis/gjafir	11	úrelt/ónýtt	134
Fjöldi titla eftir greinum			
001-099	Tölvufræði, bókaskrár, bókasafnsfræði, alfræðirit		3
100-299	Heimspeki, sálfræði, siðfræði, trúarbrögð		20
300-399	Félagsfræði, stjórnsmál, hagfræði, menntamál, þjóðfræði		23
400-499	Tungumál		5
500-599	Raunvísindi		17
600-699	Tækni, framleiðsla, iðnaður, heilbrigðisvísindi, viðskipti		25
700-799	Listir, skemmtanir, tómstundir, íþróttir		28
800-899	Bókmenntir		114
900-999	Sagnfræði, landafræði, ævisögur		24

Útlán og millisafnalán: 3928 (3780) eintök voru lánuð frá safninu. Millisafnalán voru 25 (13) eða 16 til safnsins og 9 til annarra bókasafna.

Notkun safnsins. Á haustönn dagana 31.okt. til 4. nóv og á vorönn dagana 20.-24. mars gerðum við þjónusukönnun, þá teljum við m.a. þá sem eru við vinnu á safninu 7x yfir daginn og fjöldi fyrirspurna og tegund upplýsingaþjónustu. Að meðaltali eru 25-28 nemendur við vinnu á safninu í einu fyrir hádegi en 20-25 eftir hádegi. Útlán þessar vikur voru 113 á haustönninni og 137 á vorönn. Oft hefur verið minna að gera á vorönninni en svo reyndist

ekki þennan vetur.

Rekstrarkostnaður:

Rekstrarkostnaður 2016	
bækur, tímarit og annar safnkostur	1.211.956
bókasafnskerfi (hýsing og þjónusta)	522.372
gagnasöfn (landsaðgangur og Snara)	243.669
Samtals:	1.977.997

Gagnasöfn og vefbækur: Bókasafnið greiðir hlut í landsaðgangi að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum. Bókasafnið greiðir fyrir áskrift að vefbókasafninu Snara.is sem inniheldur orðabækur og fleiri handbækur og er því aðgengilegt öllum í skólanum. Einnig er keyptur rafrænn aðgangur að Morgunblaðinu.

Tölvur og búnaður: Í upphafi vorannar voru keyptar fyrir safnið 4 fartölvur, sem eru eingöngu ætlaðar til notkunar á safninu. Þetta er nýjung í starfseminni sem gafst ákaflega vel og tölvurnar mikið nýttar. Á safninu eru nú 17 borðtölvur fyrir nemendur og voru fjórar þeirra endurnýjaðar á vorönninni. Tölvur starfsskvanna voru uppfærðar og skipt um skjái. Fimm nýjir stólar komu við lesbasa á haustönn, en enn á eftir að skipta út skrifborðsstólum í „þögla herbergi“ og skipta um áklæði á stólum við hópinnuborð.

Safnkennsla: Á vetrinum var safnkennsla fyrir 13 lífsleiknihópa, samtals 289 nemendur. Í upphafi haust og vorannar voru kynningar fyrir nýnema á þjónustubrautum í dreifnámi (65 nemendur). Kennsla í upplýsingaleit og heimildanotkun var fyrir þrjá hópa í dreifnámi (35 nemendur), einn hóp í Líffræði (21 nemandi), einn hóp í Sögu (16 nemendur), einn hóp í Uppeldisfræði (28 nemendur), einn hóp í Sálfræði (28 nemendur) og fyrir útskriftarnema á afreksíþróttasviði (6 nemendur).

Kynningarmál: Bókasafnið er með upplýsingasíður á vef skólans. Þar er meðal annars hægt að nálgast aðfangalista hvers mánaðar og yfirlit yfir tímarit í áskrift. Einnig sendum við kennurum tölvupóst með upplýsingum um nýtt efni sem tengist þeirra kennslu- og áhugasviði. Á heimasíðunni eru líka góðar leiðbeiningar fyrir upplýsingaleit og heimildanotkun. Ópið hús var í skólanum í mars og fjöldi fólks kom og skoðaði bókasafnið og spjallaði við starfsmenn. Að venju var vefur skólans kynntur í móttöku fyrir nýnema á haustönn og kynningargreinar um bókasafnið birtar í fréttabréfi fyrir foreldra nýnema

Fundir og námskeið:

Ása fór á námskeið hjá Landskerfum um kerfiskeyrslur í Gegni. Hún fór einnig á tvo fræðslufundi hjá Upplýsingu – félagi bókasafna og upplýsingafræða. Báðar sóttu fundi í samstarfshópi bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum. Steinunn fór á námskeið hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands um skjalastjórnun. Hún sat einnig „Fræðslufund skrásetjara“ sem haldin var í Þjóðarbókhlöðunni. Steinunn fór á Landsfund Upplýsingar 29.-30. október sem haldin var í Keflavík.

Önnur störf: Ása situr í gæðaráði og í stýrihópi um heilsueflandi skóla. Steinunn sér um vefsíðu skólans, er í kynningarráði og sat í ritnefnd blaðsins 2020 fyrir hönd Borgarholtsskóla. Mikil vinna fer í vefsíðu skólans, fylgja eftir fréttum og því sem er á döfinni í skólanum.

Starfið í vetur hefur gengið vel, útlán aðeins á uppleið og nemendur duglegir við að nýta sér safnið og þá aðstoð sem veitt er þar.

Júní 2017 Ása Þorkeldsdóttir